# Bréf frá Ragnari Jónssyni

Bjarni Benediktsson – einkabréf – Ragnar Jónsson –1930 – 1931

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Uppvaxtar- og námsár

Askja 1-6, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skrifað 26-27. mars. '31

15. febr. 1931

Þótt jeg mætti við ýmsu búast þegar jeg hvarf frá hinni skammvinnu ritstjórn minni gat mig þó ekki órað fyrir því, að jeg mætti halda uppi vörnum fyrir mig út í önnur þjóðríki. Og þó allra síst því, að þeir mundir ásaka mig á þeim sama grundvelli og jeg var að reyna að verja, og hefi mjer til varnar sjálfur orðað á Skjermubil sama hátt og þeir gjörir mjer til ~~saka~~ sekkar, n.l. þeim að reyna bæri að halda Stúdentaráði „utan við pólitískan flokkadrátt." Jeg varð einmitt til þess að verja blaðið pólitískum greinum, sem jeg var þó sammála og þótt undarlegt sje spratt heiftin út úr því. Jeg hafði nefnilega orð á því við kunningja minn og hann bar það aftur öðrum, en það fjell úr sögunni að greinin ætti ekki að birtast. Þá var tekið til

að snuðra í efni blaðsins á bak við mig og þegar þeir fundu ekki það, sem þeir leituðu að, þótti þeim illt að öll fyrirhöfnin yrði til einskis, og köstuðu sjer yfir greinina um Nýja Stfjel., heldur en ekkert. - Og þá snýja greininni við og setja gamla fjelagið í stað þess nýja og vice versa og hugsa sjer að Jón Leifsson hefði farið að leggja á sig margra daga erfiði til að fjarlægja slíka grein úr blaðinu, sjerdu fjarstæðuna í því að greininni hafi verið mótmælt til að halda uppi hlutleysi blaðsins. Hin eina mótmæli gegn greininni voru líka þau að rangt væri skýrt frá stofnun Nýja Fjel., það hefði verið stofnað í þeim eina tilgangi að útvega P. H. formannssæti. Það er enginn hlutlaus maður, sem kemur fram með slík rök, og það er enginn hlutlaus maður sem getur fallist á tillögu byggða á þessum ástæðum og engum öðrum. - Hitt skal jeg játa að það gat vel komið til mála að synja greininni viðtöku, en það var þá vegna þess að hún er ómerkileg og

gjörir efninu engin skil. En á það var
aldrei minnst. Ofan á þetta bættist svo
framkoma, sem enginn spámaður hefði
getað sjeð fyrir, svo engri sáttfýsi varð við
komið. – Annars vorum við 3 í ritnefndinni
og berum því ábyrgð á greininni (Pjetur Jak, A.H.)
þótt hinum ~~[illegible]~~ þætti sjer sæma að
ganga frá orðum sínum og atkvæðum.

Ekki get jeg þegjandi gengið fram
hjá athugasemdum þínum um sögu-
prófessoratið. Það þykir mjer ekkert undar-
legt að Þork. hafi ekki fundist neitt á sig
hallað. Það voru víst flestir sammála um.
En Á.P. fannst þegar frá leið heldur ekki
neitt á sig hallað. Hann gekkst fyrir
að mótmæla því, að nefndinni yrði gjört
neitt til miska. Sannleikurinn er sá
að uppástungur nefndarmanna voru
þeim Á. og Þ. á víxl í vil. Og þegar
búið var að benda á afstöðu Þ. mátti
ætla að Á. stæði það betur að vígi, að
ekki þyrfti að ganga jafneinarðlega til
verks að mæla með honum og Þ.
Annars munu nú sumum manna um

A. heldur hafa hnignað, því hann kvað aðeins hafa liðlega hálfnað tímabilið, sem skrifa átti um. En hinu verður alls ekki borið á móti að efnisvalið er Þork. í vil, og þótt nefndin hafi lofað að taka tillit til þess við úrskurð sinn, þá er ógjörningur að meta hlutleysi þess úrskurðar. Það var því rangt gjört að eyða þessari ákæru, bæði hjá stúdentum og eins í háskólaráði; og það engu síður þótt kærandinn væri ekki merkari maður en próf. B. G., að þínum dómi er. — Annars gjörist ekkert í þessu máli núna. Dómnefndin liggur yfir ritgjörðunum og kvað hafa frestað úrskurðum sínum þangað til í vor.

Þetta eru hinar brýnustu athugasemdir, sem mjer þótti öldungis óhjákvæmilegt að gjöra við pistil þinn.

En lífið hjer í bænum er leiðinlegt. Af blöðum sjerðu vafalaust að hjer hafa verið smávegis ólæti út úr atvinnuleysi og kreppunni, en allt er það furðulega ómerkilegt og kraftlaust. Alþ. var sett í

gær og þar þótti J. Bald. skandalisera með því að fara að hrópa húrra fyrir ísl. þjóðinni. Þetta þykir höfuðviðburður stjórnmálalífsins hjerna, og má á því marka hversu merkilegt það er. - Í Mbl. sje jeg að stjórnin kemur með tillögu um inngöngu í þjóðabandalagið. Þar verð jeg að setja allar mínar vonir á andstöðu Íhaldsins, og er þó óglæsilegt ~~að~~ fyrir þjóðina að eiga velferðarmál sín undir þeirra forsjá. Ef til vill þykir þjer þó framsókn enn ómerkilegri, en þar get jeg ekki fylgt þjer, þótt mjer sje illa við þetta brask þ. hjerna. - Annars er Einar Arnórsson byrjaður að lesa fyrir þjóðarjett hjerna, svo þar fær maður væntanlega eitthvað að heyra um ~~[illegible]~~ bandalagið.

Af skólalífinu er ekkert að segja. Öll fjelagsstarfsemi liggur svo að segja í dái og var ekki einusinni unt að kveikja í gamla studentafjel. á aðalfundi þess. Hann fór friðsamlega fram og kapplaust frá báðum hliðum.

Ragnar Ólafsson er nú loksins við prófið.
Hann varð einn í lagadeild. Arnlj. hætti
eftir fyrsta daginn. Það bar við í þessu
prófi að allt skrifstofustarf eyðilagðist.
Pjetur Sig. greip sendingarna fyrsta daginn
og bannaði allar bjargir síðar. Hefir þetta
athæfi slegið menn óhugnaði og er ekki
ólíklegt að menn verði ragari að ganga til
prófs framvegis, ef P. verður ekki gjörður
óskaðlegur. — Ragnar bíður yfirskoðarastarf
hjá Sambandinu; hann tekur við
eftirliti kaupfjelaganna af Jóni Árnm.
Vel er að því minnst á hátíðis-
dag stúdenta. Jeg var búinn að ákveða
að minna á þessa tillögu þína frá í
fyrra og hefði þegar gjört það, ef ráðið
hefði ekki verið hreint og beint óstarf-
hæft síðan 1. des. En fyrir 1. des.
þótti mjer ekki rjett að ympra á því,
því jeg hygg að heppilegast sje að taka
hinn nýja hátíðisdag upp áður en þeim
gamla er sleppt, ef einhver mistök kynnu
að verða á valinu aftur. — En vandinn
er sá að finna daginn. Mjer hefir

dottið í hug uppsagnardagur Menntaskólans. Hann hefir þann kost að vera þegar hálfhátíðlegur og umstal bæjarbúa snýst þá um nýju stúdentana. Og ef eitthvað yrði tekið upp til hátíðabrigðis þann dag, er jeg óhræddur um að það yrði fellt niður aftur. - En hitt er vafamál hversu hugsjónalegur afstaki 1. des. sá dagur er, því háskólastúdentum er farið að fækka í bænum um það bil. En komi fram betri tillaga skal jeg fylgja henni:

- Það eru þannig smáskrítlega dægurþættir, sem fylla hugi manna hjer, en inn á milli berast stór tíðindi utan úr löndum og hafa sín áhrif á lífið hjer og pólitíkina. Ekki höfðu t.d. fyr borist hingað fregnir af framgangi þýskra nazistanna, en okkar vígreifu stjórnmálamenn söknuðu þess að hafa ekki slíka menn til að berjast við. Kommúnistar sögðu strax að Framsókn væri okkar fasistaflokkur enda hefði Kristján Friðriksson dregið blæjuna af foringjanum, svo sem

landsþrægt varð. En Jónas kvaðst ekkert vilja hafa með fasista að gjöra og vari rjettast að þeir Hersir og Carl Tul. og þeirra fylgismenn, nefnil. íhaldsliðið, væru fasistar Íslands. Er ekki umþái úr því skorið hvort ofaná verður. En þannig verða hinar orl. hræringar að hálfkómiskum kjaftkatti hjer úti. –

Skilaðu kveðjum til Bj. Guðm. og Rits.

Ragnar Jónsson

Svarað 15. júní.

Reykjavík 29. maí 1931

Af atvikum hefir það dregist fyrir mjer að senda þjer hjálagðan miða um tímarit lagadeildar, sem annars var skylt að senda miklu fyr. Vitanlega eigum við ekki til prentaða skrá um safnið. Á því öllu er hálfgerður ómyndarbragur. Bókaval þar hygg jeg af minni litlu þekkingu, heldur hafi verið af handahófi. Jeg veit það með vissu um rjettarsögu flokkinn; þar vantar fjölmargt merkilegt um ísl. og germanska rjettarsögu, sem sjálfsagt væri að hafa þar. Það er þó stærsti flokkurinn. Sá eini sem nokkuð sinnir safninu að ráði er Ól. Lárusson. Hinir hygg jeg að geri lítið að bókapöntunum og nota safnið ekki ýkja mikið. Annars finnst mjer eðlilegt að þú og aðrir lærðir juristar gerðu tillögur um bókakaup til safnsins og skil jeg ekki í öðru en slíku yrði vel tekið. Nú í nokkur ár hefir deildin verið að safna fje til að kaupa stórt lagasafn eitt mikið og á nú orðið 6000 kr. til þess, en það kostar enn meira. Ef þú vildir fá upplýsingar um eitthvað sjer-stakt í safninu er sjálfsagt að jeg leysi úr því

eftir föngum og þá skjótar en nú.

Í dag hófust skrifleg próf í deildinni. Ganga þeir undir þá Arnljótur og Þorsteinn Sím. og munu báðir vel lesnir. – Hjer var á ferðinni danskur próf. í refsirjetti, O. Krabbe, og hjelt nokkra fyrirlestra um nýju hegningarl. dönsku. Ekki þótti mikið til hans koma og framsetningin hálf-Magnúsarleg.

Ekki veit jeg nema þú gleðjist af hinum síðustu stjórnmála-tíðindum hjeðan, en heldur líst mjer illa á alt það brask. Lítur helst út fyrir að íhaldið nái nú stjórninni með stuðningi og atbeina socialista og mun jeg hvorugan öfunda af þeirri samvinnu. En kjósendum er ætlað að flokkast um skipunina á Stjórnskr. og þótt náttúrlega sje nauðsynlegt fyrir kjósendur að gæta þess vandlega að fulltrúar ~~þeirra~~ brjóti ekki lög, þá horfir þó til nokkurs vanda, þegar af jafn sjálfsagðri kröfu leiðir stefnubreytingu í atvinnu- og fjelagsmálum, stefnubreytingu, sem annars hefði ekki verið upp tekin. En slíkur virðist árangurinn ætla að verða nú. – Náttúrlega er andstaða Framsóknar gegn breyttri kjördæmaskipan ótæk! íhaldssemi og að auki sjerdrægni alveg á borð við ~~það~~ þá sem fram kemur

hjá íhaldsfl. þegar hann nú snýst gegn afstöðu sinni
í þessu máli 1927, aðeins vegna þess að af kosningun-
um í fyrra sá hann, að hægara er fyrir hann að
eflast að fylgi í kaupstöðum en sveitum. — En
úrræði íhaldsfl. er mjög einkennandi fyrir þann
flokk. Þeir taka upp óbreyttar tillögur frá 1907,
að því er virðist (skv. ummælum þeirra nú) einkum
af því að þær hafa áður verið bornar fyrir fram
af velmetnum manni. En þeir líta ekki við
þeim úrræðum sem nágrannaþjóðirnar hafa
upp tekið síðan. Mjer líst litlu ver á gamla
skipulagið, en þessar nýju tillögur og hef jeg þá
einkum í huga Jak. Möllers, er nú þetta mál
var rætt í stúdentafjel. — Annars þætti mjer fróð-
legt að vita álit þitt á stjskr.brotinu. Álit Einars
kom all flatt upp á mig, sem fleiri í deildinni.
Hann var nýbúinn að fara yfir stjórnlagafr.
með okkur og ekkert svipað bar þar á góma.
Ekki hafði heldur jeg nje aðrir leiðrjett hans
í þessu efni. Jeg er satt að segja ekki frá því að gruna
Einar um gorgeir í þessu efni, þótt ljótt sje af mjer.

Eigi jeg að koma þessu með skipinu í kvöld
verð jeg að hætta nú. Af mjer er ekkert markvert að segja;
jeg les nú með það í huga að taka próf á næsta ári, jafnvel
um miðjan vetur. En vel má vera að sú ætlun verði sjer
til skammar.

Ragnar Jónsson

Reykjavík 16. des. 1930

Kæri vin.

Mjer þótti vænt um að fá miðann frá þjer og jeg hálf skammast mín fyrir að hafa ekki þakkað þjer hann t enn. En orsökin er sú að jeg hefi síðan jeg fjekk hann átt í allskonar vafningum og haft ærin störf og glatað minni venjulegu geði.

Lífið hjer er heldur ómerkilegt. Smávegis nagg úr ýmsum áttum, en engin stórræði. Í lagadeild er nú kominn sá mannfjöldi að sæti skortir, þegar tímar eru sæmilega sóttir. Kristj. Guðl. vakti þar almenna undrun, fyrir þær stórstígu framfarir, sem hann hefir nú tekið. Hefir hann lesið eins og hestur og er nú kominn í tölu hinna allra lærðustu. En ekki hafa aðrir fjelagar okkar tekið sjer hann

til fyrirmyndar. T.d. hefir Holberg alls ekki sótt tíma í vetur. Hann rekur verslun, sem heldur stöðuga útsölu og græðir. En merkustu tíðindin úr deildinni eru ~~[illegible]~~ þau að einn af þínum siglfirsku vinum, Hinrik læknir Thorarensen, hefir látið innritast og sækir nú hvern tíma og stundar námið af mikilli prýði. Vakti hann geysi athygli með þessu atferli sínu og ~~[illegible]~~ fyrsta daginn sem hann sat í tímum var ös í deildinni og það ekki einasta í frímínútum, heldur ruddust menn inn í tíma til próf. Ól. L. til að skoða nýsveininn. Læknadeildarmönnum þykir mikil skömm að Hinrik, en það er náttúrlega mest vegna þess að hann hefir kent þeim svo óþreifanlega á hvað þeirra bíður.

Það sem mest mun umtalað í háskólanum mun vera samkepnisprófið. Þykir flestum aðfarir nefndarinnar ófagrar og tel jeg víst að þú hafir sjeð kæru Bárða. En síðan er nefndin búin að fá traustsyfirlýsingu frá háskóla-

3

sáði og var Barði beittur hinum mesta ójöfnuði í þeim málaflutningi. En það er nú talið áreiðanlegt að ekki verður þetta til hagsbóta Þorkeli og hefir aldrei átt að vera. Hitt er uppljóst að ýms ráð voru brugguð um það að velja efni, sem Árni gæti eitthvað í og er talið að hann muni hafa öngvt fylgi í nefndinni, hvort sem efnisvalið hefir orðið eins og það varð fyrir djúphugsaða slægvisku, eða ekki. En þeir Þork. og Barði eru nú taldir alveg frá. – Atferli nefndarinnar mælist almennt illa fyrir meðal stúdenta. Var boðað til mótmælafundar og átti enginn von á því öðru en að allir yrðu þar á einu máli. En er á fundinn kom risu þar upp þrír menn og eyðilögðu málin ásamt ranglátum fundarstjóra, svo að engin ályktun fjekkst. Er það öldungis víst að prófessorarnir gengu um meðal stúdenta áður og fengu þá til að beita sjer þannig. – Norrænustúdentar

4

Það var S. Tr. sem mestan vanda hafði haft af þessum þokkalega erindisrekstri.

sendir kennurum sínum brjef útaf
um málið og það var með naumind-
um að það fjekkst birt í Stúdentabl.

Útgáfa Stbl. varð annars dálítið söguleg í þetta skifti. Jeg var í ritstjórn þess og hafði stórar raunir af. Í blaðinu kom grein um Nýja Skjel. og það töldu íhaldsmenn ráðsins stórhættulegt og ófyrirsjáanlegt löngu áður en þeir höfðu sjeð greinina og hvað í henni stóð. Þegar blaðið var prentað komst Tr. Ross að þessu og hótaði öllu illu ef greinin birtist. Hann skyldi efna til fundar og fá stúdente til að neita þátttöku í skemtunum dagsins. Agnar varð lafhræddur og S semur í snatri fyrirgefningarbón, sem Tr. þóttist rjett af náð sinni geta sætt sig við. Með þetta gengur hann um meðal ráðsmanna og fær þá flesta til að undirskrifa, en mig ljet hann ekki sjá það fyr en öllu var lokið. — En jeg vil ekki skrifa meira um allt það hneyksli. Jeg hrökklaðist úr ritnefndinni af þessu og samdi

síðan greinargerð um það málið uppá
40 bls., sem jeg las yfir þeim í ráðinu.
og undu þeir illa við þá frásögn, en
ekki veit jeg um hvernig fer.

Jeg fjekk A. utanáskrift þína
og sagði honum að senda þjer blaðið,
en ekki veit jeg hvort hann gerið það.

Í pólitíkinni ber hjer mest á
kommúnistunum, sem stendur. Þeir hafa
klofið Alþýðuflokkinn, en hafa víst
heldur lítið fylgi. En þeir hafa hvatt
alþýðubroddana svo, að almennt er búist við að hjer lendi í
víðtækum verkföllum eftir áramótin.
En það kemur líka til annað til. Hjer er
þegar skollin á kreppa og peninga-
leysi meðal fólks. Er jólasala
kaupmanna víst töluvert minni en venj-
ulega. - Jónas skrifar nú hverja greinina
annari svæsnari í garð kommúnista og
allsherjarverkfall stendur nú yfir hjá
Sambandinu. Nýlega var kommúnisti
rekinn úr Akureyrarskóla fyrir að
skrifa æsingagrein í Rjett. Um það
hjeldum við fund og var þá gaman

að sjá ræðuskörunga Heimdallar hvern á fætur öðrum stiga upp í stólinn og lofa og verja ráðherrann! Samt voru samþykkt mótmæli gegn þessu og það fyrir forgöngu Framsóknarmanna innan Háskólans, sem sagt er að hafi ~~haft~~ haft samtök með sjer fyrir fundinn, um að taka þá afstöðu. Þú sjerð að það eru principfastir menn á Háskólanum, sem ekki láta blindast af aðgjörðum flokksforingja.

Jeg nenni ekki að tína saman fleira af þessu tagi, enda býst jeg við að þú hafir litla ánægju af. Jeg býst við að þú sjert með hugann allan við vísindi og stórpólitík. Jeg er líka sjálfur orðinn dauðleiður á allri skólapólitík, þótt óhjákvæmilegt sje að dragast inn í þetta meðan maður hengslast við námið. En línur þessar sendi jeg þjer í þeirri von að jeg fái frá þjer hressandi pistil í lok jólafrísins.

Ragnar Jónsson

Lánssjóðspeningana fjekk jeg.
Nú er Kr. Guðl. að taka við ritstjórn Stefnis ásamt M.J. og fær víst all-góða þóknun fyrir. Segir hann að Stefnir beri sig vel. Jeg bæti þessu við, ef þjer þætti gaman að fylgjast með frama Kr. G.

R.J.